



Aðalfundur

Haldinn 9. maí 2018

Ársskýrsla

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 9. maí 2018

Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2017 var haldinn hjá Framvegis – miðstöð símenntunar þann 5. maí. Fundarstjóri var Raket Steinvör. Um var að ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá auk þess sem fráfarandi meðlimum stjórnar og nefnda voru færðar þakkir. Í ljósi þess að FNS er með formennsku NFSY frá 2017 til 2021 var samþykkt tillaga um stofnun nefndar um norrænt samstarf var . Einnig var samþykkt og lögð var fram ályktun vegna [Grunns að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi](#). Að fundi loknum var boðið upp á léttar veitingar og tónlistatriði.

Ingibjörg Kristinsdóttir VMST/Framvegis, Helga Tryggvadóttir Framvegis og Margrét Björk Arnardóttir Árskóla/Háskóla Vestfjarða voru endurkjörnar í stjórn. Helga Lind Hjartardóttir Mími, Hildur Katrín Rafnsdóttir HR, Sigríður Sigurðardóttir Varmárskóla og Svanhildur Svavarsdóttir FMos voru kjörnar nýjar í stjórn. Ingibjörg Kristinsdóttir var áfram formaður félagsins. Úr stjórn gengu Kristín Birna Jónasdóttir BHS, Soffía Valdimarsdóttir HÍ, Unnur Símonardóttir FG og Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir HÍ.

Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir VMST, Berglind Helga Sigurpórsdóttir VÍ, Björg Ýr Grétarsdóttir Hörðuvallaskóla, Sandra Hlín Guðmundsdóttir BHS og Sigrún Fjelsted Sveinsdóttir FÁ gáfu kost á sér í fræðslunefnd og hlutu kosningu. Úr fræðslunefnd gengu Bjarney Ægisdóttir FSU, Gréta Jessen Austurbæjarskóla, Henný Sigurjónsdóttir Brúarskóla, Hjördís Gestsdóttir Kársnesskóla.

Fulltrúar í stjórn og fræðslunefnd eru færðar innilegar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og öflugt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Nauðsynlegt er að sem flestir félagsmenn komi að og séu virkir í þeim nefndarstörfum og starfshópum sem FNS heldur utan um. Með virkni og áhuga er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrist og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Það skiptir því miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra störf:

- Kristín Birna Jónasdóttir Borgarholtsskóla, Svanhildur Svavarsdóttir FMOS og Unnur Símonardóttir FG í fagráði framhaldsskóla.
- Gréta Matthíasdóttir HR og Helga Helgadóttir HÍ í fagráði háskóla.
- Anna Lóa Ólafsdóttir VIRK og María Jónsdóttir VMST í fagráði atvinnulífsins.
- Ásta Gunnlaug Briem HÍ, Jónína Kárdal HÍ, Edda Björk Viðarsdóttir VMST og Ingibjörg Kristinsdóttir Framvegis í siðanefnd.
- Ingibjörg Ebba Björnsdóttir VMST og Ketill Jósefsson VMST í kjaranefnd fyrir atvinnulífið.
- Hrönn Baldursdóttir FÁ, Fjóla María Lárusdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Gríma Guðmundsdóttir ML og Sigríður Sigurðardóttir Varmárskóla og vefstjóri fyrir hönd stjórnar í upplýsinga- og kynninganefnd.
- Ásthildur Guðlaugsdóttir Kársnesskóla, Dagný Broddadóttir FG, Elísabet Pétursdóttir Kópavogsskóla og gjaldkeri, Ingibjörg Bragadóttir Salaskóla, Ketill Jósefsson VMST og Margrét Björk Arnardóttir Árskóla fulltrúi stjórnar FNS í NFSY, norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
- Að endingu þakkar félagið Guðrúnu Birnu Kjartansdóttur, sem lést 29. júlí 2017 fyrir að vera í forsvari fyrir starfshóp stefnumótunar í náms- og starfsráðgjöf og að hafa veitt til loka dags ráðgjöf og stuðning vegna eftirfylgni að vinnu um stefnumótuninni.

1. Meginviðfangsefni stjórnar FNS

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi stjórnar var tekin ákvörðun um ábyrgðarhlutverk hvers stjórnarmeðlims: Ingibjörg Kristinsdóttir formaður og almenn ábyrgð, Helga Lind Hjartardóttir félagatal Helga Tryggvadóttir meðstjórnandi, Hildur Katrín Rafnsdóttir gjaldkeri, Margrét Björk Arnardóttir fulltrúi stjórnar í NFSY, Sigríður Sigurðardóttir vefumsjón og fulltrúi stjórnar í upplýsinga- og kynningarnefnd og Svanhildur Svavarsdóttir ritari.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi mál. Verkefni stjórnar hafa aukist með hverju ári, þau eru fjölbreytt og margþætt. Nauðsynlegt er því að dreifa verkefnum á milli stjórnarmeðlima. Stjórn FNS notar google drive í vinnu og til að geyma skjöl, samskipti innan stjórnar eiga sér stað á lokuðu svæði á Facebook eða í gegnum tölvupóst. Samskipti formanns við fræðslunefnd og upplýsinga- og kynningarnefnd fara að mestu fram í gegnum tölvupóst og á lokuðum svæðum á Facebook. Formaður fundaði með fræðslunefnd í upphafi starfsárs til að fara yfir verkefni fræðslunefndar, formaður og vefstjóri áttu álika fund með upplýsinga- og kynningarnefnd. Ákveðið var að sleppa sameiginlegum fundum með fulltrúum nefnda og ráða í ár, þessi ákvörðun var tekin í kjölfar dræmrar mætingar á slíkan fund árið áður. Það er þó mat stjórnar að slíkur fundur reynst yfirleitt vel en hann hleypur krafti í starf nefnda og ráða.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar.
- Ímyndarmál: nýtt kynningarefni hannað og framleitt.
- Ýmiskonar stefnumótunarmál.
- Umsóknir um styrki til FNS.
- Þátttaka í norrænu samstarfi.
- Félagatal og umsóknir um félagsaðild FNS.
- Samstarf við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf.
- Samstarf við KÍ.
- Samstarf við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefnda.
- Skipulag og undirbúningur ráðstefnuferðar á alþjóðlega ráðstefnu IAEVG í Gautaborg 2018.
- Viðbrögð við fyrirspurnum frá ofangreindum samstarfsaðilum og öðrum sem viðkoma náms- og starfsráðgjöf.

2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Samkvæmt lögum FNS er eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er einnig mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarpörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan stéttarinnar.

Félögum FNS hefur staðið ýmislegt til boða í endurmenntunarmálum á liðnu starfsári. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur m.a. boðið upp á námskeið sem sérstaklega hafa verið sniðin að þörfum náms- og starfsráðgjafa. Félagsmönnum hefur jafnframt boðist afsláttur af öðrum námskeiðum stofnunarinnar.

FNS hélt námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum 9. júní 2017 sem hét *7 venjur til árangurs - tímalaus gildi, tímaleg lausn fyrir náms- og starfsráðgjafa*. Sótt hafði verið um SEF styrk til Rannís sem var nýttur upp í námskeiðið. Elín María Björnsdóttir grunnskólakennari og leiðbeinandi hjá Franklin Covey á Íslandi hélt námskeið um hugmyndafræði 7 venja (7 habits) og hvernig náms- og starfsráðgjafar geta nýtt sér þá hugmyndafræði til að efla og styrkja sig í starfi og einnig sem hagnýtt verkfæri til að efla og styðja sína ráðþega. 37 náms- og starfsráðgjafar mættu á námskeiðið sem haldið var í Endurmenntun Háskóla Íslands.

FNS stóð einnig fyrir tveggja daga námskeiði í tilefni Dags náms- og starfsráðgjafa með dr. Lengelle og dr. Mayer um hugmyndafræði frásagnar- og ritunarfræða. Á vormánuðum var svo haldið námskeið í samstarfi við námsbraut náms- og starfsráðgjafa Háskóla Íslands þar sem Norman Amundson fræddi okkur um nýja nálgun út frá vonarhugtakinu.

3. Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf / ályktun

Unnið hefur verið að því frá 2016 að þrýsta á stjórnvöld að halda áfram með stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Sú vinna hefur að mati FNS gengið hægt og af því tilefni var samþykkt ályktun á aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa 2017 þar sem fundurinn hvatti ráðherra mennta- og velferðarmála að taka alvarlega þá vinnu í stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf sem ráðuneytin tóku þátt í. Fundurinn ítrekaði ályktun frá aðalfundi FNS 2016 og bauð enn og aftur fram krafta sína og sérþekkingu félagsmanna í áframhaldandi vinnu við stefnumótun.

Eftir aðalfund FNS 2017 áttu Guðrún Birna, Helga og Ingibjörg fund með fyrrverandi velferðarráðherra Þorsteini Víglundssyni. Hann þekkti vel til náms- og starfsráðgjafa og skýrslu um stefnumótunina og þurfti lítið að sannfæra hann um nauðsyn stefnu í náms- og starfsráðgjöf. Í framhaldinu settum við saman greinargerð

sem send var á ráðuneytin. Við vorum sannfærð um að eitthvað róttækt myndi gerast í framhaldinu en eins og flestir vita þá lést Guðrún Birna um sumarið og fljótlega um haustið féll ríkisstjórnin. Við vorum því aftur nánast stödd á byrjunarreit. Óskað hefur verið eftir fundi með nýjum ráðherra mennta- og menningarmála en enn sem komið er hefur okkur ekki verið svarað. Settur hefur verið saman starfshópur sem vill vinna að því að leiða stefnumótunina til lykta, hópinn skipa Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Helga Tryggvadóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir og Sigríður María Tómasdóttir. Það er svo hlutverk okkar allra, náms- og starfsráðgjafa, að halda umræðunni lifandi og þrýsta á að raunverulegar aðgerðir eigi sér stað.

4. Fræðsludagskrá FNS 2017 til 2018

19. september: Hópráðgjöf með útivist

Fyrsti viðburður á vegum fræðslunefndar FNS. Náms- og starfsráðgjafar hittust í Sæmundarskóla þar sem Hrönn Baldursdóttir náms- og starfsráðgjafi í FÁ sagði okkur frá verkefninu sínu "Styrkur og stefna í námi - hópráðgjöf með útivist" sem er áhugaverð nálgun í ráðgjöf og hægt að nýta á ýmsum sviðum hennar. Hrönn hefur farið með hópa nemenda í nokkrar ferðir þar sem hún blandar saman m.a. jóga og útivist og hafa þessar ferðir verið vel heppnaðar. Það var fámennnt en góðmennt þennan haustdag. Við byrjuðum á að fræðast um verkefnið innandyra en fórum svo út í náttúruna sem er í bakgarði Sæmundarskóla og gerðum nokkrar slökunar/jóga/öndunaræfingar undir handleiðslu Hrannar. Þetta var áhugaverður og nærandi viðburður.

26. og 27. október: Dagur náms- og starfsráðgjafa

Dagur náms- og starfsráðgjafa 20. október er yfirleitt haldinn hátíðlegur á öðrum degi vegna vetrarfrís grunn- og framhaldsskóla. Í ár fögnuðum við Degi náms- og starfsráðgjafar með tveggja daga námskeiði fræðimannanna dr. Lengelle og dr. Meijers sem komu til okkar frá Hollandi og Kanada. Þau kynntu fyrir okkur ráðgjafaraðferðir og verkfæri sem hafa verið þróuð út frá hugmyndafræði frásagnar- og ritunarfræða og gagnast fólki í ákvarðanatöku um nám og störf. Aðferðirnar sem þau kynntu henta náms- og starfsráðgjöfum á öllum starfssviðum. Námskeiðið var haldið á Hótel Natura. Greinilegt var að áhuginn fyrir námskeiðinu var mikill þar sem rúmlega 60 náms- og starfsráðgjafar komu saman, lærðu eitthvað nýtt, gæddu sér á ljúffengum kræsingum og glöddust yfir smá sprelli með trúðnum Wally frá Sirkus Íslandi í lok hátíðar. Undirbúningur fyrir námskeiðið var í höndum fræðslunefndar og stjórnar FNS.

1. desember: Jólahugvekja

Í byrjun desember fékk fræðslunefndin Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðing hjá Líf og sál sálfræðistofu til að hafa jólahugvekju fyrir félagsmenn. Rætt var um jólin og kvíða þar sem eftirfarandi spurningar voru lagðar fram: “Hvaða týpa ertu í desember?” “Má skipta út týpu rétt fyrir jól?” Þórkatla fjallaði einnig um fullkomnar jólahefðir/hlekki, hún minnti á mikilvægi umburðarlyndis og mælti sterklega með #skoðanalausumdesember til að njóta jólanna enn betur. Tæplega 40 náms- og starfsráðgjafar mættu á þessa notalegu stund sem haldin var í hádeginu á Icelandair Hótel Reykjavík Marina og gátu gestir gætt sér á súpu og drykkjum.

9. febrúar: Heimsókn til mennta- og starfspróunarseturs Lögreglunnar

Á nýju ári var fyrsti viðburður á vegum fræðslunefndar FNS heimsókn til Mennta- og starfspróunarseturs Lögreglunnar þar sem Soffía Waag Árnadóttir sérfræðingur í menntun lögreglu og Guðmundur Ásgeirsson lögreglufulltrúi tóku á móti okkur. Þau sögðu okkur frá nýju skipulagi á námi í lögreglufræði sem hefur verið fært á háskólastig og er kennt í Háskólanum á Akureyri. Námið var áður kennt hjá Lögregluskóla ríkisins en var lagt niður með því sniði árið 2016. Námið er kennt ýmist í fjarnámi eða sveigjanlegu námi. Námið í lögreglufræðum en tvískipt, HA hefur yfirumsjón með diplómanámi og sér um bóklega kennslu og fræðilegar rannsóknir en Mennta- og starfspróunarsetur heldur utan um starfsnámið sem fram fer í Reykjavík. Mikil aðsókn er í námið og sem dæmi hófu 160 nemendur nám síðastliðið ár í HA, 130 sóttu um að komast að í starfsnámið en 50 voru teknir inn. Um tuttugu náms- og starfsráðgjafar mættu í setrið og virtist áhugi ráðgjafa vera mikill fyrir náminu.

9. mars: Heimsókn til Stígamóta

Síðasti formlegi viðburður fræðslunefndar FNS var haldinn 9. mars en þá var boðið upp á heimsókn til Stígamóta. Margar byltingar hafa átt sér stað að undanfögnu sem snúa að kynbundinni mismunun og kyn-bundnu of-beldi. Má þar helst nefna #meetoo byltinguna sem var áberandi í vetur. Þóra Björt Sveinsdóttir náms- og starfsráðgjafi tók á móti okkur í húsi Stígamóta í hádeginu og var gríðarlega góð mæting en um 40 náms- og starfsráðgjafar mættu. Þóra Björt ræddi um starfssemi Stígamóta og kom í ljós að þar starfa 11 ráðgjafar (10 konur og 1 karl) með ólíkan menntabakgrunn. Til Stígamóta kemur fólk frá 18 ára aldri vegna ofbeldis sem það hefur verið beitt, bæði í æsku og á fullorðinsárum. Margir koma vegna ofbeldis sem átti sér stað fyrir mörgum árum og jafnvel áratugum síðan. Einnig kom fram að sumir bíða þar til þeir verða 18 ára því að þá er ekki lengur tilkynningaskylda.

Fræðslunefndin kemur einnig í samvinnu við stjórn FNS, að viðburði á

aðalfundi félagsins sem haldinn verður 9. maí. Fyrir alla viðburði var notast við Doodle skráningarkerfið.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim aðilum sem tóku þátt í viðburðum Fræðslunefndar og buðu fram tíma sinn og þekkingu til að fræða félagsmenn FNS.

Takk fyrir okkur, Berglind Helga Sigurþórsdóttir, Björg Ýr Grétarsdóttir, Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, Sandra Hlín Guðmundsdóttir og Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir.

5. Greinargerðir fagráða

Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur, í fyrirtækjum og atvinnumiðlunum. Ásamt því að vera samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa á hverjum vettvangi.

Fagráð atvinnulífs

Fagráð náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu var með kynningu miðvikudaginn 22. nóvember 2017 í húsnæði VMST Kringlunni. Þar kynnti annars vegar Anna Lóa Ólafsdóttir hugmyndafræði IPS (Individual placement and support) og starf atvinnulífstengla en hún starfar sem atvinnulífstengill hjá VIRK. Hins vegar kynnti María Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá VMST þjónustu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu. Að kynningum loknum var spjall meðal fundargesta. Fámennt en góðmennt var á fundinum.

6. Kjara- og hagsmunamáli

Frá árinu 2014 hefur vinna við athugun möguleika á stéttarfélagsaðild náms- og starfsráðgjafa staðið yfir með hléum. Á aðalfundi FNS 2017 útskýrði Helga Tryggvadóttir niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir félagsmenn um hvort stofna ætti stéttarfélag náms- og starfsráðgjafa. Lögð var fram eftirfarandi tillaga sem fundurinn samþykkti samhljóða:

Aðalfundur FNS 2017 telur það ekki til farsældar að efna til stofnunar stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa að svo stöddu og leggur því ekki slíkt til. Fundurinn leggur til að stjórnin vinni áfram að mótun framtíðarsýnar félagsins í samráði við félagsmenn þar sem leitast verði við að efla fagvitund og sýnleika náms- og starfsráðgjafar.

Greinargerð:

Mikil vinna hefur farið fram þar sem skoðuð er stéttarfélagsaðild félagsmanna FNS og hvaða möguleikar eru fyrir hendi hvað það varðar. Niðurstöður könnunar meðal félagsmanna hvað varðar stéttarfélagsaðild leiddu í ljós að skiptar skoðanir eru á málinu og segja má að félagar í FNS séu ekki tilbúnir að ganga úr sínu stéttarfélagi og taka þátt í stofnun nýs félags. Auk þess sem umræður í vinnustofu gáfu til kynna að full ástæða er til að félagið taki góðan tíma í að íhuga næstu skref.

7. Norrænt samstarf

NFSY eða Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning eru regnhlífasamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða International Association for Educational and Vocational Guidance. Með því að greiða aðildargjald til NFSY verður FNS sjálfkrafa aðili að alþjóðasamtökunum. Hluti af félagsgjöldum félagsmanna FNS er því greiddur til NFSY. Það eru ýmis fríðindi sem fylgja því að vera aðili að IAEVG. Hér má nefna að aðildarfélög fá m.a. afslátt á ráðstefnur á vegum samtakanna, aðgang að mánaðarlegu fréttabréfi samtakanna og aðgang að tímaritinu *International Journal for Educational and Vocational Guidance*. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland að vera hluti af þessum samtökum og geta með þeim hætti tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi, endurmenntun, ráðstefnum og nefndum. Á heimasíðu IAEVG má lesa meira um kosti þess að vera þátttakandi í alþjóðasamtökunum <https://iaevg.com/Membership#Benefits>.

Á hverju ári er haldin alþjóðleg ráðstefna á vegum IAEVG, annað hvert ár í Evrópu og annað hvert ár annars staðar í heiminum. Félagsmönnum FNS stendur til boða að taka þátt í þessari ráðstefnu og hefur félagið skipulagt hópferð á ráðstefnuna í Gautaborg 2018 líkt og gert var á IAEVG ráðstefnuna í Madrid 2016. Á ársfundi IAEVG sem haldinn verður í tengslum við ráðstefnuna í Gautaborg í október nk. á NFSY 33 sæti. Það er stefna stjórnar NFSY að við fyllum þessi sæti og mun stjórnin ásamt varamönnum og öðrum fulltrúum úr landsstjórnun hvers lands verða boðin þátttaka á ársfundinum. Með setu á ársfundi alþjóðasamtakanna er hægt að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem þar eru teknar t.d. varðandi stjórn samtakanna og þau málefni sem samtökin vinna að.

Í apríl 2017 tók Ísland við formennsku í NFSY og á tvo fulltrúa í stjórninni. Margrét Björk Arnardóttir er formaður samtakanna og Elísabet Pétursdóttir er gjaldkeri þeirra. Í stjórninni sitja fulltrúar frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, tveir frá hverju landi. Til að halda utan um þau verkefni sem fylgja formennskunni var

stofnuð nefnd um norrænt samstarf en í þeirri nefnd starfa auk Margrétar og Elísabetar þau Ingibjörg Bragadóttir ritari, Ásthildur Guðlaugsdóttir vefstjóri heimasíðu NFSY, Dagný Broddadóttir og Ketill Jósefsson. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um fundi NFSY á Íslandi og taka virkan þátt í þeim. Í október 2017 var fyrsti fundur undir formennsku Íslands haldinn á Íslandi. Á þeim fundi var starfsemi FNS kynnt sem og þróun náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Það var Guðbjörg Vilhjálmsdóttir sem kom sem gestur á fundinn og fræddi fundarmenn um þessa þróun og stöðu náms- og starfsráðgjafar á Íslandi í dag.

Eitt af þeim erindum sem lágu fyrir fundinum var að tilnefna fulltrúa NFSY í stjórn IAEVG í stað Raimo Vourinen sem setið hefur í stjórninni frá árinu 2007. Það var samdóma álit stjórnar NFSY að Guðbjörg Vilhjálmsdóttir yrði góður fulltrúi og var hún tilnefnd af stjórninni. Guðbjörg hefur samþykkt þessa tilnefningu og mun taka sæti í stjórn IAEVG á aðalfundi samtakanna 2019.

Heimasíða NFSY var einnig til umræðu á fundinum og mikilvægi þess að félagsmenn væru vel upplýstir um hvaða málefni samtökin vinna að. Ný heimasíða hefur litið dagsins ljós en enn er unnið að því að setja þangað inn efni og tengla sem við eiga. Hugmyndin er sú að í gegnum heimasíðu NFSY verði greiður aðgangur að öllum landssamtökum náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum.

Á stjórnarfundum NFSY er hefð fyrir því að fulltrúar landanna segi frá því helsta sem er í deigluinni í hverju landi fyrir sig, segi frá ráðstefnum og samstarfsaðilum og kynnist fyrirtækjum og stofnunum sem sinna náms- og starfsráðgjöf í því landi þar sem fundurinn er haldinn. Að þessu sinni bauð lðan fræðslusetur stjórn NFSY í heimsókn þar sem starfsemin var kynnt sem og sá hluti íslenska skólakerfisins sem snýr að lðunni. Voru fundargestir mjög ánægðir með heimsóknina. Fulltrúi Danmerkur kynnti fyrir fundargestum verkfæri sem áhugavert væri að kynna enn frekar fyrir félagsmönnum FNS. Annars vegar er um að ræða *karrierkompas* eða starfsþróunar áttavita og hins vegar *JUMP kort* sem eru spil sem hvetja til samtals um nám, störf og borgararéttindi. Á fundinum var einnig sagt frá náms- og starfsráðgjöf í Þýsklandi og fagtímaritunum *Vejlederen* sem gefinn er út í Danmörku og *Väglederen* sem gefinn er út í Svíþjóð var dreift til fundargesta.

Það er samdóma álit stjórnar NFSY að fundurinn hafi verið góður og gefandi og miklar umræður urðu um hvernig nýta mætti hina ýmsu miðla til að gera starfsemi samtakanna sýnilegri. Enn er unnið að meiri sýnileika og munu félagsmenn vonandi verða varir við það síðar á þessu ári.

Fyrir hönd stjórnar NFSY og nefndar um norrænt samstarf
Margrét Björk Arnardóttir

8. Upplýsinga- og kynninganefnd

Í haust var ákveðið að búa til kynningarefni fyrir náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsráðgjafa í samvinnu við Bjarneyju Lúðvíksdóttur (www.bjarney.com, www.eyjafilm.com).

Markmiðið með kynningarefninu er að kynna störf náms- og starfsráðgjafa, efla sýnileika stéttarinnar, auka almenna vitund á störfum náms- og starfsráðgjafa sem og fyrir hvað náms- og starfsráðgjöf stendur. Efnið var kynnt fyrir náms- og starfsráðgjöfum á degi náms- og starfsráðgjafa í lok október og í upphafi námskeiðs með Norm Amundsson í apríl. Leiðbeiningum um notkun á efninu var komið áleiðis til félagsmanna FNS á samskiptamiðlum sem og á heimasíðu félagsins en þar er efnið ennfremur allt aðgengilegt félagsmönnum.

Kynningarefnið samanstendur af myndböndum, bæklingum, myndum og “merkimyndum” sem nota má allsstaðar þar sem náms- og starfsráðgjöf er annars vegar. Fjölmarginir félagsmenn og aðrir sjálfboðaliðar komu að gerð kynningarefnisins og kunnum við þeim bestu þakki fyrir sína vinnu og að ljá okkur orð sín, andlit og fagmennsku.

FNS fékk styrk til að útbúa kynningarefnið frá Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

9. Amundson námskeið

Við vorum svo heppin að fá Norm Amundson í heimsókn til Íslands í apríl en hann var staddur á landinu vegna doktorsvarnar dr. Maríu Dóru Björnsdóttur. Hann bauðst til að halda námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa og þáðum við það að sjálfsgöðu. Námskeiðið var skipulagt af stjórn FNS og námsbraut í náms- og starfsráðgjöf en var styrkt af Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar, NVL, Fræðslumiðstöð og Epale.

A Hope-Centered, Actively Engaged Approach to Career Development kallaðist námskeið Amundson sem haldið var 5. apríl á hotel Natura í Reykjavík. Með þessari nálgun er lögð áhersla á mikilvægi vonar í allri starfsþróun. Námskeiðið var áhugavert og hressandi, um 100 náms- og starfsráðgjafar voru á staðnum og fóru heim fullir áhuga og með ný verkfæri í farteskinu.

10. Málþing: Leiðin langa á vinnumarkað

Í samstarfi við námsbraut í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands stóð FNS fyrir málþingi undir yfirskriftinni Leiðin langa á vinnumarkað; vegvísar og vörður á menntavegi. Málþingið fór fram í Lögbergi í HÍ þann 15. febrúar 2018.

Inga H. Andreassen, dósent við Háskólann á Vesturlandi í Noregi var

aðalfyrirlesari málþingsins. Hún sagði frá vinnu sem hún stýrði við mótun námskrár í Noregi og hvernig skólar, atvinnurekendur og fræðslufirvöld þar starfa saman til að gefa nemendum kost á að læra um störf, vinnumarkaðinn og tengslin milli náms og atvinnu. Kristjana Stella Blöndal, dósent fjallaði um ólíka brotthvarfsnemendur í tengslum við námsval og þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, prófessor sagði frá sögu og stöðu náms- og starfsfræðslu og hvort tími væri kominn til að kalla þennan námsþátt öðru nafni. Davíð Þorláksson forstöðumaður samkeppnishæfni hjá Samtökum atvinnulífsins var einnig með erindi.

Í pallborði sátu fulltrúar frá Samtökum sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagsinu, ASÍ, Samtökum iðnaðarins, Samband Íslenskra framhaldsskólanema og SHÍ. Vel á annað hundrað manns mættu á málþingið, félagsmenn FNS og fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila og stofnanna. Einnig mættu fjölmiðlar og fékk málþingið góðan tíma í sjónvarpi RUV. Ákveðið hefur verið að hafa framhald á þessu málefni.

11. Ráðstefnuferð FNS

Stjórn FNS stendur á ný fyrir skipulagðri hópferð á alþjóðlega ráðstefnu IAEVG sem haldin verður í Gautaborg 2. til 4. október 2018. Titill ráðstefnunnar er “A need for Change”.

12. Félagatal og félagsaðild

Félagatal og félagsaðild Félagatal FNS taldi 316 félagsmann í lok starfsárs í maí 2018. Á þessu starfsári, frá apríl 2017 til maí 2018 voru 12 félagsmenn nýskráðir á félagatal. Við ítrekum að á aðalfundi 2015 var samþykkt með lagabreytingu að framvegis yrðu einungis teknir inn nýir félagsmenn sem skiluðu inn leyfisbréfi undirrituðu af mennta- og menningarmálaráðherra í viðhengi með aðildarumsókn. Var þetta gert til að einfalda inntökuférlíð og til að auka áreiðanleika félagatalsins þar sem tryggt væri að staðið yrði vörð um löggildingu starfsheitisins. Allir nýir félagar í FNS hafa því skilað inn leyfisbréfi. Stjórn FNS hefur birt á heimasíðu FNS yfirlit yfir þá félagsmenn sem eru með leyfisbréf til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Enn eru einhverjir félagar sem ekki hafa sótt um leyfisbréf og eru þeir hvattir til að gera það. Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um að uppfæra upplýsingar á póstlista. Mikilvægt er að félagatal og póstlisti séu samræmd og að upplýsingar um félagsmenn séu réttar. Það er því mikilvægt að tilkynna félaginu um breytingar á starfsstöð, netfangi og öðrum upplýsingum.

Hagræði rétttra skráninga felst í því að upplýsingar um fjölda félagsmanna og dreifingu starfa í atvinnulífinu er til staðar ár frá ári.

13. Fjárreiður og félagsgjöld

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2017 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru 1.429.813 og jukust um 11.413 frá fyrra ári. Tekjur vegna styrkja hækkuðu um 447.579 kr. Tap var af rekstrinum sem nam kr. 894.850. Rekstrarkostnaður ársins hækkaði töluvert milli ára. Ræður þar mestu kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu Capacent í tengslum við úrvinnslu könnunar á sameiginlegu stéttafélagi ásamt vinnu við nýtt kynningarefni félagsins. Sjá nánar í sértili um ársreikninga félagsins

14. Styrkir

Sjá sértil um ársreikning félagsins.

15. Önnur verkefni

Stjórn FNS hefur jafnframt komið að fjölmörgum verkefnum í samstarfi við ýmsa aðila. Hér má t.d. nefna:

- a) Gerð nýs kynningarefnis með Bjarney Lúðvíksdóttur, bjarney.com.
- b) Samstarf við framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ vegna endurskoðun á skólastefnu og samþykktu um skólamál fyrir KÍ þing vorið 2018.
- c) samstarf við Mennta- og menningarmálaráðuneyti m.a. vegna könnunar á meðal starfandi náms- og starfsráðgjafa.
- d) Skipulagning ráðstefnuferðar IAEVG 2018 með Úrval útsýn.
- e) Staðið vörð um störf náms- og starfsráðgjafa með því að senda bréf á skóla þar sem einstaklingar án leyfisbréfs eða menntunar í náms- og starfsráðgjöf starfa.
- f) Samtarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar. Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafar, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöðin hefur stutt við bakið á félaginu og kunnum við henni bestu þakkir. Þetta árið hefur Evrópumíðstöðin styrkt dag náms- og starfsráðgjafar, bækling fyrir náms- og starfsráðgjöf og námskeið Amundson.
- g) Samstarf við Fræðslumíðstöðina vegna nýrrar heimasíðu www.naestaskref.is.

og með þátttöku í stefnumótun náms- og starfsráðgjafar í fullorðinsfræðslu. FNS þakkar Fræðslumiðstöðinni fyrir að styrkja félagið til gerð nýs bæklingis og fyrir námskeið Amundson.

- h) FNS þakkar NVL fyrir styrk til að halda námskeið með Amundson.
- i) FNS þakkar EPALE fyrir styrk til að halda námskeið með Amundson.
- j) Þátttaka FNS á formannsfundi SEF (samstarf um endurmenntun framhaldsskóla).
- k) Þátttaka FNS í vinnustofu sem Embætti landlæknis skipulagði í samvinnu við Velferðarráðuneytið í tengslum við evrópskt samstarfsverkefni um geðheilsu, EU Compass for Action on Mental Health and Wellbeing. Þessu verkefni er ætlað að fylgja eftir rammaáætlun um geðheilsu og vellíðan í Evrópu. Ýmsir fyrirlestrar voru fyrri parts dags en seinnipartinn fóru vinnuhóparnir í SVÓT greining. Vinnuhópurinn sem Svanhildur tók þátt fyrir hönd FNS í bar yfirskriftina forvarnir og snemmtæk íhlutun í skólastarfi.

Lokaorð

Það eru liðin þrjú ár frá því ég tók við sem formaður FNS. Það er ótrúlegt hversu fljótt þrjú ár líða hjá, hversu mikið hægt er að gera á þetta stuttum tíma og að sama skapi hversu lítið gerist á jafn löngum tíma. Það er áhugavert að líta til baka og sjá hversu lærdómsríkt, krefjandi, skemmtilegt, gjöfult, erfitt, hressandi og stundum stressandi, þetta tímabil hefur verið.

Það sem upp úr stendur eftir þetta tímabil er þó mjög jákvætt. Þeir viðburðir sem standa upp úr eru hiklaust dagar náms- og starfsráðgjafa. Þessir dagar eru sameiningartákn og fjölmennustu viðburðir náms- og starfsráðgjafa. Það hefur verið einstaklega gaman að skipuleggja þessa viðburði með þarfir félagsmanna að leiðarljósi. Við höfum nýtt daginn fyrir ráðstefnu, við höldum upp á 35 ára afmæli FNS en þangað mættu t.d. formenn félagsins frá upphafi og sögðu frá því mikilvægasta í þeirra starfi. Í vetur breyttum við út af vananum og dreifðum deginum á tvo daga. Haldið var námskeið með fræðimönnum sem félagsmenn kynntust á alþjóðlegri ráðstefnu náms- og starfsráðgjafa í Madrid 2016.

Sem leiðir að næsta atriði en þátttaka í félagsstörfum líkt og FNS styrkir svo sannarlega félagstengsl bæði inn á við sem og utan. Starf okkar og forysta í norrænu samtökunum NFSY er mikilvægt fyrir evrópsku samtökin og þátttaka félagsmanna á alþjóðlegum ráðstefnum IAEVG styrkir bæði tengslin við erlenda náms- og starfsráðgjafa og eflir samskipti okkar á milli. Við vonum að hópferðin á ráðstefnuna í Gautaborg í október 2018 verði jafn farsæl og ferðin til Madrid í október 2016 var.

Störf mín innan FNS, fyrst í fræðslunefnd síðan í stjórn og svo sem formaður FNS, hafa sannarlega eflt tengslanet mitt innan og utan félagsins. Ég er búin að kynnast ógrynni að öflugum og skemmtilegu fólki, hef unnið með þremur frábærum stjórnnum, fræðslunefndum og öðrum nefndum og ráðum FNS. Ég hef fengið tækifæri til að hafa áhrif og vera í samstarfi við ýmsa aðila innan sem utan stéttarinnar. Við höfum tekið eftir því að verkefni stjórnar aukast sífelld, oftar er óskað eftir þátttöku okkar á fundum og málþingum og iðulega er leitað eftir álitum okkar á ýmsum málefnum. Við bregðust yfirleitt jákvætt við enda viljum við taka þátt í málefnum samfélagsins og vera sýnileg.

Sýnileiki fagstéttarinnar er mikilvægur og til að ýta undir hann ákvað stjórn FNS í vetur að ráðast í ímyndarvinnu með því að búa til nýtt kynningarefni fyrir félagið og náms- og starfsráðgjafa. Okkur fannst nauðsynlegt að fá fagmann með okkur í verkefnið til að leiðbeina okkur með hvernig við getum kynnt okkar mikilvæga starf og aukið. Við erum mjög ánægðar með afraksturinn og vonum að félagsmenn verði virkir í að nýta kynningarefnið sem vel hefur verið kynnt í vetur.

Það hefur verið mér sönn ánægja að starfa sem formaður FNS, ég er reynslunni ríkari og hef eignast fullt af nýjum og góðum vinum. Mig langar til að nota tækifærið og þakka félagsmönnum fyrir jákvæð viðbrögð og það traust sem mér hefur verið sýnt.

Að lokum vil ég þakka stjórninni fyrir einstaklega gott samstarf og framlag í vetur og ekki síður fyrir skemmtilega og stundum krefjandi fundi. Einnig þakka ég

fræðslunefnd og upplýsinga- og kynningarnefnd fyrir þeirra öfluga starf. Góð samvinna hefur verið á milli stjórnar og annarra nefnda en mikilvægt er að allir leggist á eitt og vinni sameiginlega að settum markmiðum.

Ég óska nýjum formanni, stjórn og nefndum alls hins besta í þeim verkefnum sem framundan eru.

Reykjavík, 9. maí 2018

Ingibjörg Kristinsdóttir
Formaður Félags náms- og starfsráðgjafa



Stjórn FNS 2017 til 2018 þakkar fyrir sig.
F.v. Helga Lind, Systa, Ingibjörg, Margrét, Helga, Svanhildur og Hildur Katrín.